

9. fundur stjórnar Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla, haldinn mánudaginn 30. maí 2016 í Ráðhúsi Stykkishólms og hófst hann kl. 16:00.

Mættir:

Hjördís Pálsdóttir – safnstjóri

Berglind Axelsdóttir - Stykkishólmi

Gísli Guðmundsson - Eyja- og Miklaholtssveit

Sólrún Guðjónsdóttir – Grundarfirði sem ritaði fundargerð

Dagskrá fundarins:

1. Sýningar í sumar

Sýning um Aton húsgagnagerð opnaði föstudaginn 27. maí sl. og tókst opnun mjög vel.

Undirbúningur fyrir sýningu gekk mjög vel og var unninn í góðu samstarfi við Elínu Hjördísi Haraldsdóttur Bodin og Sigríði Hönnu Jóhannesdóttur. Sigríður Hanna er ættingi Dagbjarts og aðstoðaði við að finna húsgöng á sýninguna og Elín sá um að finna ljósmyndir og fleira.

2. Opnunartími

Sumaropnun hófst þann 14. maí og er opið alla daga frá kl. 11 – 18. Enn hefur ekki verið auglýst hversu lengi sumaropnun varir en stjórn BSH hvetur Framkvæmdaráð til að halda sumaropnunartíma að minnsta kosti út októbermánuð og festa vetraropnun í samstarfi við forstöðumann.

3. Önnur mál

Húsið verður tjargað að utan í sumar og ætlar Hjördís að kanna með málun á gluggum að utan. Það þarf að fara að huga að viðhaldi innanhúss og þá sérstaklega málningarvinnu. Eins þarf að kanna með filmur í glugga til að stilla af birtu í húsinu.

Það þarf að óska eftir því við Framkvæmdaráð að ráðning starfsmann í skráningu á safnamunum verði framlengd um að minnsta kosti ár og þá helst í hálfu stöðu.

Mikil ánægja er meðal stjórnar um þær styrkveitingar sem fengust til verkefna í safninu.

Umræður um greiðslur fyrir fundarsetu. Það hefur verið misjafnt hvernig hefur verið greitt fyrir fundarsetu og ferðir á fundi. Eyja- og Miklaholtshreppur hefur greitt sínum fulltrúa fyrir hvern fund og ferðir á fundinn, Stykkishólmsbær hefur greitt sínum fulltrúa en aðrir fulltrúar hafa fengið greiðslur frá Héraðsnefnd og þá aðeins einu sinni á ári. Það þarf að koma þessum málum í betri farveg og það er ólíðandi að geyma greiðslur fyrir fundarsetu jafnvel í hálfu ár eða lengur.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 16.33

